

Alþingi
Erindi nr. P 139/1916
komudagur 4.4.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. apríl 2010


Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn, 575. mál.

Hjúkrunarráð Landspítalans þakkar beiðni um umsögn á frumvarpi til laga um heilbrigðisstarfsmenn. Hjúkrunarráð veitti áður umsögn um sambærilegt frumvarp 4. september 2009 og 27. nóvember 2009. Þrátt fyrir það vill hjúkrunarráð koma einni athugasemd á framfæri.

1. *13. gr. Faglegar kröfur og ábyrgð.* Setning í 3. mgr hljóðar svo: Læknir ber ábyrgð á læknisfræðilegri meðferð og greiningu sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur umsjón með. **Hjúkrunarráð leggur til að á eftir þessari setningu komi eftirfarandi:** Hjúkrunarfræðingur ber ábyrgð á hjúkrun einstaklinga eða þeirra sem til hans leita og hann hefur umsjón með. Óheimilt er að ráða aðra en hjúkrunarfræðinga til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrastofnanir, elliheimili, heilsuvernd eða hjúkrun í heimahúsum.

Rökstuðningur: Tilhneiging er til þess hér á landi að ráða fólk sem ekki hefur hjúkrunarleyfi í störf hjúkrunarfræðinga. Margar erlendar rannsóknir sýna að vel menntaðir hjúkrunarfræðingar hafi veruleg áhrif á afdrif og öryggi sjúklinga. Það er mat hjúkrunarráðs að mikilvægt sé að lögin útiloki að aðrir en hjúkrunarfræðingar séu ráðnir til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa.

Með kveðju,



Eygló Ingadóttir

Formaður hjúkrunarráðs Landspítalans